

Ed.

601. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meðan nefndin hafði málið til athugunar, hefur sú breyting verið gerð á starfs-tilhögun menntamálaráðs í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1943, að ráðið hefur ekki lengur með höndum úthlutun styrkja til einstakra skálda, rithöfunda og listamanna, heldur annast hana nefndir, kosnar af félögum innan Bandalags íslenskra listamanna. Við litum svo á, að með þessu sé aðaltilgangi frumvarpsins náð og jafnframt viðurkenndur réttur listamanna til ákvörðunar um úthlutun höfundarlauna, og teljum því rétt, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem hin einstöku félög innan Bandalags íslenskra listamanna hafa í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1943 fengið sjálf í hendur úthlutun þess fjár til listamanna, er menntamálaráð Íslands annaðist áður, og í trausti þess, að hið nýkjörna menntamálaráð bjóði sambandsfélögum í Bandalagi íslenskra listamanna að tilnefna fulltrúa, einn frá hverju félagi, er verði ráðunautur menntamálaráðs í öðrum málum, er varðar hvert félag sérstaklega, t. d. verði Félagi íslenskra myndlistarmanna boðið að tilnefna ráðunaut um kaup og val mynda fyrir listasafn ríkisins, og í þriðja lagi, þar sem vænta má gagnberra endurbóta á listamannalöggjöf-inni þegar á þessu ári, eftir samþykkt þáttill. sameinaðs Alþingis um undirbúning heildarlöggjafar um rithöfundarétt og listvernd (þskj. 211), og yfirlýsingu hæstv. kennslumálaráðherra um að hraða afgreiðslu þess máls, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. marz 1943.

Eiríkur Einarsson,
form.

Kristinn E. Andrésón,
fundaskr., frsm.